

473. fundur velferðarráðs 7. febrúar 2024

17. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn: Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver sé rekstrarkostnaður borgarinnar vegna hjólhýsabyggðar? Hver var kostnaðurinn þegar byggðin var í Laugardal og hver er kostnaðurinn núna? Sá hópur sem býr í hjólhýsum t.d. sá sem hafði lengst af aðsetur í Laugardal er nú á hrakhólum eftir að hafa verið úthýst úr Laugardal. Sumt af því fólki sem býr í hjólhýsum býr í þeim af neyð, ekki af því það kjósi það heldur af því að það hefur ekkert annað þak yfir höfuðið. Fólkið er að reyna að bjarga sér ella væri það á götunni. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhuga á að vita hver sé kostnaður borgarinnar við þessa byggð. VEL24020015.